

Aðalfundur Félags Íóðarhafa að Kiðjabergi

Haldinn 5. mars 2022 kl. 13 í golfskálanum í Kiðjabergi

Snjólfur Ólafsson, formaður félagsins, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Gestur Jónsson var kjörinn fundarstjóri og Þórólfur Jónsson fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.

Snjólfur Ólafsson flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta starfsári. Gerði hann grein fyrir helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu. Á árinu gegndi Snjólfur formennsku og voru aðrir stjórnarmenn þau Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri og Gunnsteinn Sigurðsson, ritari. Varamenn voru Hlín Ástþórsdóttir og Bergur Sandholt.

Vinnudagur var haldinn sl. vor í samstarfi við golfklúbbinn að venju. Aðalfundur var síðan haldinn 4. júní 2021.

Brotist var inn í golfskálann og í framhaldi af því var farið yfir öryggismál og þau styrkt og tryggt að öryggismyndavélar séu í góðu lagi.

Unnið hefur verið að þriðja áfanga í lagningu slitlags á botnlanga. Stefnt er að því að því verki verði lokið í vor. Golfklúbburinn sá síðan um að bæta göngu- og golfbílástíga á svæðinu og verður því verki einnig lokið í vor.

Góugleðin féll niður.

3. Endurskoðaður ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar, umræður um hann.

Snjólfur Ólafsson fór yfir ársreikning félagsins fyrir starfsárið 2021.

Tekjur félagsins námu alls um 7,8 mkr. á starfsárinu. Stærsti tekjuliðurinn, fyrir utan lóðagjöld, var leiðrétting vegna vatnsveitu en skuld vegna vatnsveitu, sem var greidd upp á árinu, reyndist lægri en við hafði verið búist vegna útreiknings verðbóta.

Gjöld á starfsárinu reyndust um 1,8 mkr. Þess var þó getið að reikningur hefði enn ekki borist vegna viðhalds á vegum og stígum, sem ætla má að muni nema um 3-4 mkr.

Tekjur umfram gjöld námu því um 6 mkr. á starfsárinu.

Vatnsveitan var afskrifuð um 750 þkr. á árinu.

Heildareignir félagsins námu um 23,4 mkr., þar af nemur innstæða á banka um 14 mkr. Félagið var skuldlaust um áramót. Eigið fé í lok árs nam því sömu fjárhæð og eignir þess.

Ábending barst um að áætlaðar óuppgerðar kröfur félagsins næmu um 6 mkr., sem hefði mátt geta um í skuldahlið reikninganna. Fram kom að skýring 2 fjallaði um ógreiddar skuldbindingar félagsins.

Ársreikningur félagsins var að því búnu samþykktur samhljóða.

4. Kosning formanns.

Snjólfur Ólafsson gaf kost á sér og var kjörinn með lófataki.

5. Kosning annarra stjórnamanna.

Kristín Eysteinsdóttir og Bjarni Sigurðsson gáfu kost á sér og voru þau kjörin með lófataki.

6. Kosning varamanna í stjórn.

Bergur Sandholt og Hlín Ástþórsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn í stjórn og voru þau kjörin með lófataki.

7. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans.

Hjörleifur Kvaran gaf kost á sér sem skoðunarmaður reikninga og Stefán Pétursson sem varamaður hans og voru þeir kjörnir með lófataki.

8. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2022.

Snjólfur Ólafsson gerði grein fyrir rekstrar- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2022.

Ekki er gert ráð fyrir að miklum útgjöldum til viðhalds vega.

Kiðjaberg ehf. hefur boðist til að leggja til land undir leiksvæði barna gegn því að félagið standi straum af kostnaði við kaup á leiktækjum og vinnu við að ganga frá svæðinu. Golfklúbburinn myndi í framhaldinu sjá um umhirðu leiksvæðisins. Ræddu fundarmenn hvort ráðast skyldi í gerð leiksvæðis.

Fram komu tilmæli um að gætt yrði mjög að öryggi þess búnaðar sem keyptur yrði. Þá kom fram ábending um að fara þyrfti yfir búnaðinn ört og láta taka hann út af löggiltum aðila árlega. Nokkrir fundarmenn lögðu til að byrjað yrði smátt og framhaldið látið ráðast af notkun.

Þá kom fram ábending um að félagið hugaði jafnframt að lagningu göngustíga meðfram aðalgötunni, í ljósi umferðar og umferðarhraða á svæðinu.

Fram komu tilmæli frá einum fundarmanni um að stjórn íhugaði að láta moka snjó þegar ófærðar gætti á sviðinu. Gunnsteinn Sigurðsson benti á að kostnaður því samfara gæti orðið verulegur. Þá væri aðalvegurinn á forræði sveitarfélagsins.

Fram kom dagskrártillaga um að fundurinn beindi þeim tilmælum til stjórnar að hún kannaði málið, í samhengi við lagningu göngustíga á svæðinu og bæri aftur undir fundinn áætlun um framkvæmdina og kostnað henni samfara áður en ráðist verður í framkvæmdir. Var hún samþykkt samhljóða.

Gunnsteinn Sigurðsson gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við lagningu slitlags. Útlit er fyrir að kostnaður sem nemur 1-1,5 mkr. muni falla til við það sem eftir stendur. Heildarkostnaður nemur um 11 mkr. á síðustu þremur árum. Fram komu tilmæli um að félagsmenn yrðu látnir vita og gætu þá fengið verktakann fyrir eigin reikning til að lagfæra botnlanga og innkeyrslur.

Gunnsteinn gerði grein fyrir málefnum vatnsveitunnar og nefndi að skuld vegna hennar hefði nú verið greidd upp. Snorri Hafsteinsson tók undir það með Gunnsteini að um væri að ræða mjög góða fjárfestingu. Hann viðraði þá skoðun sína að eðlilegt væri að tekið væri upp tengigjald fyrir nýja notendur.

Jens Helgason lagði til að stjórn keypti vefmyndavél sem félagsmenn gætu farið inn á á netinu og kynnt sér veður og snjóalög. Þá var bent á að verulegur kostnaður hefði verið samfara uppsetningu eftirlitsmyndavélar og hvatt til að virkni hennar yrði tryggð.

9. Ákvörðun um árgjald til félagsins fyrir árið 2022.

Snjólfur Ólafsson gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að árgjaldið fyrir árið 2022 hækkaði um 1.000 kr. fyrir þá sem eru með vatn og yrði því 45.000 kr en yrði óbreytt, 34.000 kr., fyrir lóðir án vatns. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum utan eins. Taldi sá fundarmaður sem greiddi atkvæði gegn tillögunni ekki lögmætt að gera upp á milli lóða með og án vatns. Kvað Snjólfur stjórn myndu skoða það sérstaklega.

10. Umfjöllun um Samtök frístundahverfa í GOGG.

Snjólfur Ólafsson gerði grein fyrir stofnun Samtaka frístundahverfa í GOGG, þar sem hann hefur tekið sæti í stjórn. Í hreppnum eru um 70 frístundabyggðir. Tilgangur samtakanna er hagsmunagæsla fyrir frístundahverfin gagnvart sveitarfélaginu.

Snjólfur gat þess að samhljómur væri meðal stjórnarmanna um að fasteignagjöld sumarhúsa eiganda ættu að lækka, auk þess sem bæta þyrfti þjónustu varðandi sorphirðu og seyrulosun. Þá ætti sveitarfélagið að styrkja frístundabyggðir frekar til stígagerðar og gerðar flóttaleiða. Þá mun tilgangur samtakanna einnig vera miðlun upplýsinga milli stjórna byggðanna.

11. Önnur mál.

Fundarmenn þökkuðu stjórnarmönnum vel unnin störf í þágu félagsmanna með lófataki.

Gunnar Dagbjartsson bar upp eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur lóðarhafa í Kiðjabergi haldinn 5. mars 2022 samþykkir að meðferð flugelda og annarra skotelda verði bönnuð í landi Kiðjabergs.“

Gunnar gerði grein fyrir tillögunni, sem hann studdi þeim rökum að notkun flugelda hefði í för með sér mikla hættu á gróðureldum. Ólafur Stefánsson benti á að samskipta- og umgengnisreglur hefðu verið samþykktar í félaginu, þar sem bann væri lagt við meðferð elds og tilmæli um aðgát við meðferð flugelda. Jónas Kristinsson velti upp þeirri spurningu hvort félaginu væri heimilt að leggja bann við notkun flugelda og benti á að í gildi væru almennar reglur um notkun flugelda, þ.m.t. um hvenær megi skjóta þeim upp.

Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt án mótatkvæða.

Gunnar Dagbjartsson bar upp eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur lóðarhafa í Kiðjabergi haldinn 5. mars 2022 samþykkir að loftförum, hverju nafni sem nefnast, verði bannað að athafna sig í landi Kiðjabergs.“

Gunnar lagði fram greinargerð með tillögunni þar sem fram kom að notkun þyrlla hefði í för með sér talsvert ónæði fyrir sumarhúsa eigendum og gegndi hinu sama varðandi notkun dróna. Guðmundur Ásgeirsson nefndi að nýverið hefði verið hafnað beiðni lóðareiganda um gerð þyrilupalls. Bent var á að fjallað væri um drónaflug í samskipta- og umgengnisreglum félagsins. Snjólfur Ólafsson benti á að umdeilanlegt væri að álykta á þann veg, enda óljóst hvernig félagið ætti að fylgja slíku banni eftir.

Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna. Greiddu 11 fundarmenn atkvæði með tillögunni en 5 greiddu atkvæði gegn henni. Aðrir sátu hjá.

Annað var ekki rætt.

Fundarstjóri sleit fundinum kl. 15.10 með leyfi formanns stjórnar.